

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 60 1. febrúar 1994, um ráðstöfun á fóðurgjaldi til loðdýraræktar.

1. gr.

Síðari málsliður 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:  
Af sérstöku fóðurgjaldi skal innheimta 1,00 kr. af hverju kg.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99 8. september 1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast gildi 1. janúar 1995.

*Landbúnaðarráðuneytið, 21. desember 1994.*

**Halldór Blöndal.**

\_\_\_\_\_  
*Jón Höskuldsson.*

## SAMÞYKKT

### um breytingu á samþykkt um stjórn Ísafjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 315/1994.

1. gr.

2. málsliður 1. mgr. 33. gr. samþykktarinnar orðast svo:  
Forseti biður þá bæjarfulltrúa sem samþykkja mál, að rétta upp hönd.

2. gr.

3. málsliður 4. töluliðar 62. gr. B samþykktarinnar orðast svo:  
Einnig annast félagsmálaráð verkefni barnaverndarnefndar skv. lögum nr. 58/1992, sbr. og 32. gr. laga nr. 40/1991.

3. gr.

Við 10. tölulið 62. gr. B samþykktarinnar bætist eftirfarandi málsliður:  
Nefndin fer með verkefni leikskólanefndar skv. lögum nr. 78/1994.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar hefur sett samkvæmt 3. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytið, 21. desember 1994.*

F. h. r.

**Húnbogi Þorsteinsson.**

\_\_\_\_\_  
*Sesselja Árnadóttir.*